

Leiðbeiningar fyrir kennara

KRAKKANIR Í HVERFINU



EFTIR SÝNINGUNA HVAÐ NÚ?

Sýningin Krakkanir í hverfinu getur vakið sterkar tilfinningar hjá börnum. Bæði hjá þeim sem að hafa sjálf reynslu af ofbeldi og líka hjá þeim sem hafa aldrei upplifað eða jafnvel heyrt talað um slíkt.

Eins aukast líkurnar á því að þau hafi frumkvæði af að segja frá einhverju, sem þau sjálf eða aðrir sem þau þekkja, hafa upplifað eftir að hafa fengið fræðsluna. Þá er mikilvægt að starfsfólk skólans sé viðbúið að hlusta á börnin og bregðast við á viðeigandi hátt. Oft velja þau ákveðinn aðila sem þau vilja segja frá e.o. Kennara, stuðningsfulltrúa, hjúkrunarfræðing eða námsráðgjafa.

Mikilvægt er að þessi tiltekni einstaklingur sé meðvitaður um traustið sem barnið hefur sýnt honum.

Hér má finna ýmsar upplýsingar sem geta stutt kennara og annað starfsfólk í eftirfylgni með sýningunni.

VERKEFNI SEM GETA HJÁLPAÐ

Hér eru verkefni sem geta hjálpað börnum að finna fyrir hvernig þeim líður eftir sýninguna og tjá það með teikningu, litum eða orðum. Þessi eftirfylgni styður börnin í að: 1. tjá sig um ofbeldi eftir sýninguna 2. taka eftir eigin líðan í líkamanum, 3. tjá sig í mynd, lit eða orðum og 4. að finna að fullorðnir eru til staðar og hlusta.

Þetta er ekki ætlað sem meðferð, heldur mjúk og örugg leið til að halda utan um börnin eftir sýninguna.

1. Að skrifa brúðunum bréf

Þjóðið börnunum að skrifa bréf til einhverrar persónu úr leikritinu. Kynnið bréfið sem persónulegt bréf sem að sent verður til brúðunnar. Þjóðið þeim að skrifa um hvernig þeim leið við að heyra sögu persónunnar eða ef þau langaði til að segja brúðunni eitthvað sérstakt. Ef börnin eiga erfitt með að skrifa má bjóða þeim hjálp. Eins geta þau teiknað mynd fyrir brúðurnar og má þá bæta við einni setningu til skýringar sem kennarinn getur hjálpað þeim að skrifa.

Þau geta valið um að skrifa einni af brúðunum (Stefán, Jóhanna eða Númi) eða einhverjum af þeim fullorðnu sem rætt er um í sýningunni eins og Tómasi rágjafi Stefáns, Sigrúnu kennari Stefáns, Margréti ráðgjafi Jóhönnu eða Sverri sem Jóhanna treysti fyrir sögu sinni.

Hægt er að nota þessi bréf til að koma af stað og örva umræður og/ eða veita börnum tækifæri til að tjá sig við brúðurnar. Eins getur kennari, ef hann vill vekja umsræðuna upp aftur eftir einhvern tíma, skáldað upp svarbréf frá einhverri persónu úr sýningunni og tekið þannig þráðinn upp að nýju. Þessi bréf geta líka stundum fylgt með ef ástæða er til að tilkynna til barnaverndar.

UM BRÚÐURNAR Í SÝNINGUNNI

STEFÁN

Stefán er 8 ára og er aðalpersónan í leikpáttunum um líkamlegt ofbeldi. Hann hefur mörg áhugamál; þ.á.m. matreiðslu og fótbolta. Besti vinur hans er Númi og þeir eru alltaf að bralla eitthvað skemmtilegt saman. Stefán býr með móður sinni, pabba sínum og litlu systur sinni sem heitir Elsa og er 4 ára. Mamma Stefáns beitir hann líkamlegu ofbeldi. Stefán hefur aldrei þorað að segja neinum frá því fyrir utan eitt skipti að hann reyndi að segja systur mömmu sinnar frá en hún trúði honum ekki. Þegar Stefán loksins finnur kjark til að segja kennaranum sínum frá þá er brugðist við frásögn hans á réttan hátt. Í ljós kemur að mamma Stefáns hefur líka orðið fyrir ofbeldi þegar hún var lítil en hafði aldrei talað um það við neinn. Mamma Stefáns er þakklát fyrir þá hjálp sem þau fá eftir að Barnavernd hefur tekið við þeirra

máli.. Stefáni semur nokkuð vel við fjölskyldu sína – ekki síst núna þegar þau eru farin að vinna í sínum málum og fá þá hjálp sem þau þurfa á að halda.

NÚMI


Númi er 8 ára og einn af bestu vinum Stefáns. Í námsefni Krakkanna í hverfinu um líkamlegt ofbeldi er Númi hálf ringlaður; gerir sér ekki grein fyrir hvað ofbeldi á börnum er og hvað það er ekki. Í gegnum nærfærin en engu að síður gamansöm samskipti hans við Stefán – fara börnin í áhorfendasalnum að vita og skilja meira um ofbeldi.

JÓHANNA

Jóhanna er aðalpersónan í þættinum um kynferðislega misnotkun. Jóhanna er 11 ára og er nágrenni Stefáns. Foreldrar Jóhönnu eru fráskildir og hún býr hjá mömmu sinni. Í þessum leikpáttum er hún trúnaðarvinur Stefáns og segir honum frá því hvernig kærasti mömmu hennar snerti hana á óviðeigandi hátt og hvernig hún fékk hjálp þegar hún ákvað að segja Sverri pabba bestu vinkonu sinnar frá atvikinu. Jóhanna var lengi að finna kjark til að segja frá. Hún og Dagný koma oft á veitingastaðinn til Sverris pabba dagnýjar og Jóhanna fylgdist með því hvernig hann gaf sér alltaf tíma til að hlusta á Dagnýju ef henni leið eitthvað illa.

2. Að teikna eða lita tilfinninguna sem er í líkamanum

Þjóðið börnunum að tengjast aftur líkamanum eins og við gerðum á sýningunni. Talið um hvernig við geymum oft tilfinningar í líkamanum. Stundum finnst okkur þessar tilfinningar hafa liti eða form. Þjóðið börnunum að teikna eða lita það sem þau fundu í líkamanum á meðan á sýningunni stóð eða núna á eftir sýninguna. Það geta verið línur, krot, krass, litir eða form. Þetta þarf ekki að vera falleg mynd heldur meira eins og að leyfa einhverju sem er inni líkamanum að komast út og yfir á blaðið. Þetta mega vera margar myndir ef að barnið þarf. Barnið ræður hvort það vill tala um myndina og segja frá henni. Það er gott að ýta ekki á þetta ferli eða reyna að túlka eða útskýra fyrir barninu hvað við sjáum á myndinni. En stundum getur verið hjálplegt ef við viljum bjóða uppá samtal að spegla það sem við sjáum eins og ... „Þú notaðir mikið af dökkum lit.“.....„Þetta virðist vera hér í maganum.“.....„Þú segir að þetta hafi verið bæði skrítið og erfitt.“ “ Virtu segja mér meira“.



EF BARN SEGIR FRÁ OFBELDI

Ef barn segir frá ofbeldi er mikilvægt að halda ró sinni og hrósa barninu fyrir að segja frá.

Forðastu að segja: „Nú verður allt í lagi.“ „Þú munt aldrei upplifa svona ofbeldi framar.“ „Ég lofa að segja ekki neinum það sem þú ert að segja mér“

Segðu í staðinn: „Það var mjög gott að þú sagðir mér þetta.“ „Þú sýnir mikið hugrekki. „Börn ættu aldrei að burðast með svona leyndarmál ein.“ „Nú skal ég finna út hvað við þurfum að gera til þess að þú fái hjálpi.“

Í fræðsluefni sem fylgir verkefninu **Líkami minn tilheyrir mér** (bls. 42-53) sem Barnaheill gefur út eru mjög góðar leiðbeiningar um: Hvar og hvenær ættir þú að eiga samtal við börn sem grunur leikur á að sú að verða fyrir ofbeldi? • Hvernig á að haga samtalinu? • Hvernig á að tilkynna um málið og hverjum? • Hvernig á að hlúa að barninu eftir samtalið? • Hvað ef barn hefur beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi? Hér eru nokkrir punktar úr þeirri fræðslu.

HVERNIG Á AÐ STYÐJA OG FYLGJA EFTIR BARNI SEM SEGIR FRÁ?

Þitt hlutverk er að hlusta, styðja og hjálpa barninu að segja frá því sem það sjálft vill deila með þér, og meta því næst hvort þörf sé á að leita ráðgjafar og aðstoðar hjá öðrum aðilum. Gerðu barninu alveg ljóst að þú trúir því sem barnið er að segja og að það hafi verið rétt að segja frá. Í samtalinu við barnið skaltu spyrja opinna spurninga, til dæmis: „HVAÐ gerðist?“ og „HVER gerði þetta?“ Önnur leið til að spyrja er að hvetja barnið með því að segja: „Segðu mér meira frá þessu“. Upplýsingarnar geta auðveldað þér að meta hvort barnið er í bráðri hættu og að átta þig á því hvaða úrræðum er rétt að beita (t.d. hvort það liggur á að hafa samband við barna vernd/lögreglu). Gættu þess að spyrja ekki leiðandi spurninga, svo sem: „Var það mamma þín sem gerði þetta?“

Það er gott að skrifa hjá sér spurningarnar, svörin við þeim og atriði sem þú tekur sérstaklega eftir í samtalinu, annaðhvort á meðan eða strax og samtalinu lýkur.

Þegar barnið hefur sagt frá er mikilvægt að þú gerir því ljóst að þú, sem fullorðin manneskja, berir ábyrgð á að veita frekari aðstoð. Að samtalinu loknu getur einnig verið gott að segja barninu að það sé ekki eitt og að þú vitir um önnur börn (án þess að nefna nöfn) sem hafa gengið í gegnum það sama og hafi upplifað sömu erfiðu og sáru tilfinningar og hugsanir.

TILKYNNINGASKYLDA

Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort sem er líkamlegt eða kynferðislegt, er haft beint samband við barnaverndarþjónustu án þess að upplýsa foreldra um það. Ef barn býr með einhverjum sem beitir ofbeldi er hætt við að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit af tilkynningunni. Meintur gerandi má ekki fá tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins þar sem þessi mál sæta stundum einnig lögreglurannsókn. Ef barn kemur með sýnilega áverka í skóla eða segir frá alvarlegu ofbeldi skal samstundis hafa samband við barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónusta á að hafa greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins.

Það er á ábyrgð okkar allra að tryggja velferð barna og samkvæmt lögum ber almenningi og fólki sem að vinnur með börnum skylda til að tilkynna til barnaverndar viðkomandi sveitarfélags ef að grunur er um ofbeldi eða óæskilegar aðstæður sem hafa á einhvern hátt neikvæð áhrif á heilsu þeirra, þroska eða líðan. Hver tilkynning getur skipt sköpum og það er mikilvægt að tilkynna ef að grunur leikur á eftirfarandi þáttum:

- Vanrækslu, t.d. vegna vanhæfni foreldra, neyslu, veikinda eða annara aðstæðna.
- Ofbeldi gegn barni
- Áhættuhegðun barns

HVAR ER HÆGT AÐ FÁ AÐSTOÐ ?

NEYÐARLÍNAN – 112

LÖGREGLAN

BARNAVERND

BARNAHÚS

BARNAHEILL

Krakkanir í hverfinu

Saga verkefnisins í stuttu máli

- Krakkanir í hverfinu er hluti af bandarísku prógrammi Kids on the Block. Þar sem ýmis alvarleg og erfið umfjöllunarefni eru tekin fyrir. Þættirnir eru samdir og margprófaðir af sérfræðingum á hverju sviði fyrir sig.
- 1987 keypti Rauði kross Íslands brúðurnar og handritið og fékk Hallveigu Thorlacius og Helgu Arnalds til að flytja verkið á norsku sem framlag Íslands á norrænni ráðstefnu um ofbeldi gegn börnum í Noregi.
- Á árunum 2005 - 2012 unnu Helga og Hallveig með Blátt áfram í að koma sýningum í skóla á Íslandi þar sem skólanir greiddu sjálfir fyrir sýningarnar.
- Árið 2012 tók Vitundarvaking stjórnvalda (um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum) yfir verkefnið sem var samvinna innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis. Verkið var þá hluti af vitundarvakningunni "Eitt af hverjum fimm" sem var evrópskt samstarfsverkefni. Upp frá því hefur sýningin farið á hverju ári í 2.bekk í alla skóla í landinu þeim að kostnaðar lausu.
- 2016 tók Velferðarráðuneytið (Barnamálaráðuneytið) alveg við verkefninu og það ár var það sett á fjárlög
- Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) hefur haldið utanum verkefnið frá árinu 2016.